

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 56/2001**

**frá 18. maí 2001**

**um breytingu á XX. viðauka (Umhværfis mál)  
við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var að laegaður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) XX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 8/2001 frá 31. janúar 2001<sup>(1)</sup>.
- 2) Tilskipun ráðsins 1999/31/EB frá 26. apríl 1999 um urðun úrgangs<sup>(2)</sup> skal felld inn í samning inn.

**ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:**

*1. gr.*

Eftirfarandi liður komi aftan við lið 32ca (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 94/774/EB) í XX. viðauka við samninginn:

„32d. **399 L 0031**: Tilskipun ráðsins 1999/31/EB frá 26. apríl 1999 um urðun úrgangs (Stjtið. EB L 182, 16.7.1999, bls. 1).“

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 66, 8.3.2001, bls. 50 og EES-viðbætir við Stjtið. EB nr. 12, 8.3.2001, bls. 8.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 182, 16.7.1999, bls. 1.

*2. gr.*

Texti tilskipunar ráðsins 1999/31/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 19. maí 2001, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(\*)).

*4. gr.*

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 18. maí 2001.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar  
Formaður*

*P. Westerlund*

*Ritarar  
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

*P.K. Mannes*

*M. Brinkmann*

---

(\*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.